

16
5. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Á eftir 13. gr. laga nr. 27 8. september 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta, komi ný grein, sem verður 14. gr., en greinatala laganna breytist samkvæmt því. Hin nýja grein hljóðar þannig:

Landbúnaðarráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði 13. gr., heimilað Búnaðarfélagi Íslands að leyfa einstökum bændum eða sauðfjárræktarfélagum að láta einblendinga lifa til framhaldsræktunar. Skal kynblöndun þessi fara fram undir eftirliti sauðfjárræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

17
28. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl., og lögum nr. 115 31. maí 1940, um breyting á þeim lögum.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

A. Fyrsti málsliður 1. gr. laga nr. 73 31. des. 1937 hljóði svo:

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið; þó er póststjórninni heimiluð slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ráðherra setur.

B. Aftan við 2. málsgr. 1. gr. laganna bætist: Enn fremur ákvæði um það, að allur annar erlendir gjaldeyrir, sem menn eiga eða eignast, renni til þeirra.

2. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 115 31. maí 1940 bætist: Bankarnir greiða þó laun þeirra nefndarmanna, er skipaðir eru samkvæmt tillögum þeirra.

3. gr.

Aftan við 8. gr. laga nr. 73 31. des. 1937 bætist: svo og lög nr. 48 4. júní 1924, um gengisskráningu og gjaldeyrisverzlun, og lög nr. 9 27. maí 1925, um breyting á þeim lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar þau hafa hlotið staðfestingu, skulu þau, ásamt lögum nr. 115 31. maí 1940, færð inn í texta laga nr. 73 frá 31. des. 1937 og þau gefin út að nýju.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirumsjón sandgræðslumála, en forstjórn þeirra skal falin Búnaðarfélagi Íslands. Ráðherra skipar sandgræðslustjóra, með sérþekkingu á sandgræðslumálum, en hann skipar sandgræðslumenn og sandgræðsluverði eftir þörfum.

2. gr.

Heimilt er ráðherra, að fengnu álitu sandgræðslustjóra og Búnaðarfélags Íslands, að láta girða svæði, sem uppblástur getur stafað af, og vinna þar að sandgræðslu, til þess að koma í veg fyrir uppblástur og græða foksvæðin. Sandsvæðið skal tekið eignarnámi, samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms. Meta skal fullar bætur fyrir afnotamissi og fyrir þá aðstöðuskerðingu til lífsbjargar, sem af slíkum ráðstöfunum stafar.

3. gr.

Úr landi jarða þeirra, er að sandgræðslusvæðum liggja, er heimilt að taka efni til afnota við sandgræðsluna, svo sem vatn, grjót, þara, þang, leir, fræ og annað, er við þykir þurfa. Þó má ekki taka efni þannig, að landspjöll verði að, nema brýna nauðsyn beri til. Eigandi lands eða notandi getur krafizt bóta eftir mati, ef samningar hafa ekki komizt á. Svo skal sandgræðslumönnum og heimil hagaganga fyrir hesta í heitilöndum, gegn sanngjörnu endurgjaldi.

4. gr.

Nú setur maður girðingar fast við sandgræðslugirðingu eða áfasta henni, og skulu þá hlið vera á þeim eigi fjær en 50 m, svo að vinna megi tálmunarlaust að sandgræðslugirðingunum og fara með þeim til eftirlits.